

Sp.

1271. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

(Afgreidd frá Sp. 2. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað að upphæð 5 millj. króna, til að ljúka við virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Fyrir liggja það álit frá rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir lánum þeim, er ríkissjóður ábyrgist.

Lánið sé til 25 ára, með eigi hærri en 4% vöxtum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin tekur gildar.